

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 6/2002

Félag hópferðaleyfishafa

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 12. desember 2001, hefur Óskar Sigurðsson hdl., fyrir hönd Félags hópferðaleyfishafa kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 32/2001](#), dags. 16. nóvember 2001. Áfrýjunarnefndin telur vafa leika á því að kæra áfrýjanda hafi borist nefndinni innan lögboðins kærufrests samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga og er það atriði því tekið til úrskurðar sérstaklega.

Áfrýjunarnefnd barst erindi ásamt fylgiskjali frá áfrýjanda dags. 18. mars 2002. Með erindi dags. 5. apríl 2002 var áfrýjanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og skýringum og bárust þær með erindi dags. 9. apríl 2002.

II.

Framangreind kæra áfrýjanda er dagsett 12. desember 2001 en barst nefndinni 15. mars 2002. Var þá hinn lögboðni frestur útrunninn en um kærufrest til áfrýjunarnefndar fer samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga. Þar segir: “Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.”

Í bréfi áfrýjanda til áfrýjunarnefndar dags. 18. mars 2002 segir m.a.: “Umrædd kæra var lögð í póst til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þann 12. desember 2001 (pósthólf 347, 121 Reykjavík). Var kæran send í almennum pósti. Á sama tíma var afrit kærunnar einnig lagt í póst til Félags hópferðaleyfishafa. Félagið fékk afrit af kærinni í pósti þann 13. desember 2001, sbr. hjálagða staðfestingu.” Með bréfinu fylgdi staðfesting frá Félagi hópferðaleyfishafa um að afrit kærunnar hafi borist félaginu með pósti þann 13. desember 2001.

Í bréfi lögmanns áfrýjanda frá 9. apríl 2002 segir að það liggi fyrir að eina sönnunin fyrir því að kæra félagsins hafi verið send áfrýjunarnefnd sé framburður hans og starfsmanns skrifstofu hans. Séu þau reiðubúin til að staðfesta ofangreint fyrir nefndinni, telji hún þess þörf. Enn fremur er bent á að áfrýjunarnefnd hafi ekki opna starfsstöð og hvorki netfang né bréfsíma. Áður en kæran hafi verið send hafi lögmaðurinn haft samband við starfsmann Samkeppnisstofnunar sem hafi bent á að senda bæri erindi og kærur til áfrýjunarnefndarinnar í pósthólf hennar. Hafi það verið gert.

Í áðurnefndu bréfi kemur einnig fram að í öllum síðari erindum lögmannsins fyrir hönd Félags hópferðaleyfishafa hafi verið gengið út frá því að umrædd kæra hafi verið send áfrýjunarnefndinni og til dæmis vísað til þess í kvörtun til umboðsmanns Alþingis 5. febrúar sl. Loks er tekið fram að áfrýjandi hafi brýna hagsmuni af því að umrædd kæra fái efnislega umfjöllun.

III.

Hin kærða ákvörðun samkeppnisráðs nr. 32/2001, dags. 16. nóvember 2001, var send áfrýjanda með bréfi dags. 19. nóvember 2001. Áfrýjandi kærði ákvörðunina og barst kæran áfrýjunarnefndinni þann 15. mars 2002. Var þá hinn fjögurra vikna

kærufrestur útrunninn. Lögmaður áfrýjanda heldur því fram að hann hafi póstlagt kærana daginn sem hún er dagsett, þ.e. 12. desember 2001, og sent hana í almennum pósti. Ekki liggja fyrir önnur gögn því til sönnunar en staðfesting áfrýjanda um móttöku afrits kærunnar og framburður lögmanns áfrýjanda og starfsmanns hans. Verður því að miða við það að kæran hafi borist áfrýjunarnefnd 15. mars 2002.

Í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga segir að kæra skuli hafa borist áfrýjunarnefnd “innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina”. Gefur ákvæðið, sem hefur að þessu leyti sjálfstætt gildi gagnvart stjórnslögum nr. 37/1993, ekki heimild til neinna frávika frá þeirri reglu, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndarinnar nr. 5/2001, Hönnun hf. gegn samkeppnisráði.

Kæra áfrýjanda dags. 12. desember 2001 barst eins og fyrr segir áfrýjunarnefnd ekki fyrr en 15. mars 2002. Var þá lögmæltur kærufrestur liðinn. Ber því að vísa kæru þessari frá áfrýjunarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kæru áfrýjanda, dags. 12. desember 2001, er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 19. apríl 2002

Páll Sigurðsson, formaður

Erla S. Árnadóttir

Anna Kristín Traustadóttir